

Lokun íslensku miðaldaklaustranna

Klaustrum fjölgaði ört á Íslandi, rétt eins og í Norður-Evrópu allri, á tólftu öld. Á þeirri öld einni var átta klaustrum komið á fót hérlendis. Önnur fimm áttu síðan eftir að bætast við áður en fimmtánda öldin var á enda. Rekja má fjölgun klausturstofnana til síaukinna umsvifa rómversk-kaþólskrar kirkju — Rómakirkju — nyrst í álfunni á miðöldum en klausturreglur eru einkennandi fyrir hana. Rómakirkju var stýrt úr páfagarði en markmið páfa var að breiða út boðskap kirkju sinnar sem víðast. Voru trúboðar gerðir út af örkinni til þess að kristna Norðurlönd þegar á tíundu öld en einnig síðar. Aukin umsvif Rómakirkju í Norður-Evrópu birtust einkum með fjölgun erkibiskupsstóla og biskupsstóla um alla álfuna á elleftu og tólftu öld. Erkibiskup þjónaði sem umboðsmaður páfa og var tengiliður hans við hin landfræðilega dreifðu erkibiskupsdæmi. Þá var erkibiskup fremstur biskupa í sínu umdæmi en með aðstoð þeirra fylgdi hann eftir stefnumálum páfa.¹ Fjölgun erkibiskupsstóla og biskupsstóla jók þannig vald páfa en um leið skapaðist farvegur fyrir útbreiðslu þeirrar hugmyndafræði sem rómversk-kaþólsk kristni byggðist á.

Fyrst var gerð tilraun til klausturhalds hérlendis aðeins þremur áratugum eftir kristnitökuna (árið 999 eða 1000) en þá heyrði Ísland undir erkibiskupsstólinn í Brimum sem var nyrsta umdæmi Rómakirkju í Evrópu á þeim tíma. Það var hins vegar ekki fyrr en að erkibiskupsstóll fyrir Norðurlönd var settur í Lundi, syðst í Skandinavíu, árið 1104 að stofnun klausturs heppnaðist hér á landi. Klausturhald náði síðan fótfestu fyrir alvöru innanlands eftir stofnun erkibiskupsstólsins í Niðarósi árið 1153 en þá fjölgaði klaustrum einna mest á Norðurlöndum. Umdæmi stólsins náði til Noregs — þar sem hann var staðsettur — Grænlands, Færeyja, Orkneyja, Suðureyja og Hjaltlands, auk Íslands. Biskupsstólarnir í Niðaróserkibiskupsdæmi urðu tíu þegar mest var og dreifðust þeir um allt umdæmið.² Fjölgun Benediktínaklaustra var áberandi til að byrja með en síðar einnig klaustra af reglu Ágústínusar og fleiri reglum. Aðeins þessar tvær reglur náðu til Íslands, rétt eins og til byggða norræns fólks á Grænlandi.³ Í Noregi og öðrum löndum sem heyrðu undir erkibiskupsstólinn

¹ Gunnar F. Guðmundsson, „Íslenskt samfélag og Rómakirkja“, *Kristni á Íslandi 2*, ritstj. Hjalti Hugason, Reykjavík: Alþingi, 2000, bls. 18–24; Gottskálf Jensson, „Íslenskar klausturreglur og libertas ecclesie á ofanverðri 12. öld“, *Íslensk klausturmenning á miðöldum*, ritstj. Haraldur Bernharðsson, Reykjavík: Miðaldastofa Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan, 2016, bls. 9–57, hér 14–24.

² Magnús Stefánsson, „Kirkjuvald eflist“, *Saga Íslands 2*, ritstj. Sigurður Línadal, Reykjavík: Sögufélagið, 1975, bls. 57–144, hér 62–85; Hjalti Hugason, „Frumkristni og upphaf kirkju“, *Kristni á Íslandi 1*, ritstj. Hjalti Hugason, Reykjavík: Alþingi, 2000, bls. 24–25; Jón Viðar Sigurðsson, *Det norrøne samfunnet*, Osló: Pax forlag, 2008, bls. 147–149; Gottskálf Jensson, „Íslenskar klausturreglur og libertas ecclesie á ofanverðri 12. öld“, bls. 9–57, hér 14–29.

³ James G. Clark, *The Benedictines in the Middle Ages*, Woodbridge: The Boydell Press, 2011, bls. 50–59; Steinunn Kristjánsdóttir, „Medieval Monasticism in Iceland and Norse Greenland“, *Religions* 12/2021, bls. 53–64, hér 54–57, doi.org/10.3390/rel12060374.

í Niðarósi voru hins vegar klaustur af reglum Sistersiana, Fransiskana, Dóminikana og fleiri reglna ekki síður áberandi er fram liðu stundir.⁴ Ekkert klaustur var þó nokkurn tíma stofnað í Færeyjum.

Þrátt fyrir að rómversk-kaþólsk kristni hafi snemma náð að fóta sig í íslensku samfélagi miðalda, gekk klausturhald misvel í þau fjórtán skipti sem það var reynt á jafnmörgum stöðum á Íslandi á tímabilinu 1030 til 1493. Starfsemi nokkurra klaustra var hætt eftir skamman rekstur en rekstur annarra varði aftur á móti um aldir. Hér verður rýnt í ástæður fyrir lokun hvers klausturs fyrir sig. Um leið verður reynt að tímasetja nákvæmlega lokun þeirra. Samhengisins vegna verður stofnun klaustranna gerð stuttlega skil í upphafi greinarinnar, síðan deilum innanlands um kirkjuvaldsstefnu páfa og loks þeim umbrotatímum sem urðu vegna siðaskiptanna. Meginefni greinarinnar hverfist eigi að síður um lokun klaustranna og ástæður þess að þeim var lokað.

Heildstæð mynd af lokun íslensku miðaldaklaustranna hefur ekki verið dregin fram áður með þeim hætti sem hér er gert. Í yfirlitsritum um umsvif klaustra hérlendis hefur, svo að dæmi sé tekið, nær eingöngu verið fjallað þau klaustur sem áttu góðu gengi að fagna en minna um þau sem hurfu af sjónarsviðinu eftir skamman rekstur. Sum þeirra hafa jafnvel verið afskrifuð með öllu sem klaustur eða efast hefur verið um tilvist þeirra, án þess að kannað sé til hlítar hvers vegna þau þrífust ekki. Öll skipta þau máli — hvort sem rekstur þeirra var farsæll eða ekki — fyrir íslenska klaustrasögu og samhengi hennar við stjórnarfar og menningu í landinu á miðöldum.

Íslensku miðaldaklaustrin


Það var í Bæ í Borgarfirði sem tilraun til klausturhalds hérlendis var gerð í fyrsta sinn. Bæjarklaustur er talið hafa starfað í um tvo áratugi en óvissa ríkir um umsvif þess og endalok. Í rituðum heimildum kemur fram að því hafi verið komið á fót árið 1030 en að stofnandi þess, farandbiskupinn og benediktínamunkurinn Rúðólfur, hafi farið af landi brott þegar hann var vígður sem ábóti yfir Abingdonklostri á Englandi árið 1049. Engar spurnir eru af klausturhaldi í Bæ eftir það en með Rúðólfi í Bæ voru þrír munkar sem saman mynduðu klerkasamfélagið þar.⁵ Það kann að vera að rekstur Bæjarklausturs hafi ekki gengið sem skyldi vegna þess hversu stutt var liðið frá því að rómversk-kaþólsk kristni var lögtekin í landinu þegar það var stofnað. Forsendur fyrir hefðbundinni klausturstofnun í landinu voru því nær engar á þessum tíma og stuðningur frá erkibiskupsstólnum í Brimum takmarkaður. Enginn biskupsstóll var þá heldur starfandi hér á landi en þeim fyrri var komið á fót í Skálholti árið 1056 og þeim síðari á Hólum 1104.⁶

⁴ Erik Gunnes, „Klosteranlegg i Norge: En oversikt“, *Forntidsminner* 68/1987, bls. 49–128, hér 49–66; Johnny Grandjean Gøgsig Jakobsen, „A Brief History of Medieval Monasticism in Denmark (With Schleswig, Rügen and Estonia)“, *Religions* 12/2021, bls. 65–84, hér 66–74, doi.org/10.3390/rel12070469.

⁵ Sigurður Línal, „Upphaf kristni og kirkju“, *Saga Íslands 1*, ritstj. Sigurður Línal, Reykjavík: Sögufélagið, 1974, bls. 227–288, hér 251; Steinunn Kristjánsdóttir, *Leitin að klaustrunum*, Reykjavík: Sögufélag, 2017, bls. 67–78.

⁶ Magnús Stefánsson, „Kirkjuvald eflist“, bls. 60–66; Jón Viðar Sigurðsson, *Det norrøne samfunnet*, Oslo: Pax forlag, 2008, bls. 150.

Bent hefur verið á að hugsanlega hafi ekki verið um eiginlegt klaustur að ræða í Bæ, heldur að þar hafi verið starfrækt einhvers konar kristniboðsstöð.⁷ Það kann vissulega að vera en trúboð var einnig hlutverk klaustra. Sams konar tilraunir til að stofna klaustur og gerð var í Bæ voru hins vegar gerðar um svipað leyti í Noregi og Danmörku. Í Niðarhólmi í Noregi var stofnað klaustur af reglu Benedikts árið 1029, það fyrsta í Skandinavíu, en það lagði fljótt upp laupana, rétt eins og klaustrið í Bæ. Þar var þó rekið klaustur af reglu Benedikts síðar. Fyrstu tilraunir til klausturstofnana í Danmörku hafa aftur á móti verið raktar til miðrar elleftu aldar. Sumar heppnuðust en aðrar ekki. Þau klaustur sem farnaðist vel nutu aðstoðar erkibiskupa og biskupa eftir að þeirra naut við þar.⁸ Stofnun þessara fyrstu klaustra á Norðurlöndum sýnir alltént að samfélög af sama tagi og í Bæ voru þekkt í Norður-Evrópu þegar á elleftu öld.



Mynd 1. Kortið sýnir staðsetningu þeirra fjórtán klaustra sem starfrækt voru í lengri eða skemmri tíma á Íslandi á miðöldum. Bæði ár stofnunar og lokunar þeirra koma hér fram miðað við það sem kemur fram í greininni.

Þingeyraklaustur í Húnaþingi var stofnað skömmu eftir að fyrsta erki-biskupsstól Norðurlanda var komið á fót í Lundi en það var jafnframt fyrsta klaustrið sem náði að þrífast og dafna hérlendis. Var það rekið lengst íslenskra

⁷ Sjá til dæmis Sigurður Línal, „Upphaf kristni og kirkju“, bls. 251; Hjalti Hugason, „Frumkristni og upphaf kirkju“, bls. 146, 152.

⁸ Eldbjörg Haug, „Augustinian Canons and Benedictine Monks in the Medieval Stavanger Diocese“, *Monastic Culture: The Long Thirteenth Century. Essays in Honour of Brian Patrick McGuire*, ritstj. Lars Bisgaard, Sigga Engsbro, Kurt Villades Jenssen og Tore Nyberg, Óðinsvém: University Press of Southern Denmark, 2014, bls. 197–217, hér 206–207; Johnny Grandjean Gøgsig Jakobsen, „A Brief History of Medieval Monasticism in Denmark“, bls. 65; James G. Clark, „The Making of Nordic Monasticism, c. 1076 – c. 1350“, *Religions* 12/2021, bls. 15–22, hér 17–36, doi.org/10.3390/rel12080581.

miðaldaklaustra en rekstur þess entist fram yfir siðaskiptin. Stofnár Þingeyraklausturs er raunar ekki að fullu þekkt en alla jafna er miðað við árið 1133 þegar fyrsti ábóti þess tók til starfa.⁹ Bent hefur verið á að Össur Sveinsson erkibiskup í Lundi hafi hvatt til stofnunar Þingeyraklausturs en hann beitti sér fyrir stofnun Hólabiskupsstóls og því að kirkjulög væru skráð í fyrsta sinn á Íslandi.¹⁰ Það þarf vart að koma á óvart að Þingeyraklaustur hafi fylgt reglu Benediktína, sem naut mikilla vinsælda á meginlandinu um þær mundir sem það var stofnað. Það sama á við um næstu tvö klaustur sem komið var á fót hérlandis. Það var Munkaþverárklaustur, sem var stofnað árið 1155, og síðan Hítardalsklaustur, árið 1166, en þegar þetta var hafði erkibiskupsstóll Norðurlanda verið stofnaður í Niðarósi. Hítardalskaustur var fyrsta klaustrið sem starfrækt var í Skálholtsbiskupsdæmi en hin tvö, Þingeyraklaustur og Munkaþverárklaustur, heyrðu bæði undir Hólabiskupsdæmi (mynd 1, sjá einnig töflu 2).¹¹

Fleiri klaustur voru stofnuð hérlandis fyrir aldamótin 1200, öll í Skálholtsbiskupsdæmi. Það var Þykkvabæjarklaustur, stofnað árið 1168, Flateyjarklaustur, árið 1172, Kirkjubæjarklaustur, 1186, og Keldnaklaustur,¹² 1193. Kirkjubæjarklaustur var fyrsta nunnuklaustrið hér á landi en það fylgdi reglu Benediktína.¹³ Sjaldgæft var að nunnur störfuðu undir reglu Ágústínusar, enda var það prestaregla, en á því eru þó undantekningar.¹⁴ Flateyjarklaustur var flutt að Helgafelli í Helgafellssveit árið 1184 og hét það eftirleiðis Helgafellsklaustur.¹⁵ Með fylgdi ábótinn sjálfur, Ögmundur Pálsson, og kanúkar hans, Guðmundur Loðmundarson, Ólafur Sigurðarson og Eyjólfur Þorsteinsson.¹⁶ Af stofnskrá Helgafellsklausturs, sem talin er hafa verið gerð tveimur árum eftir flutninginn, má ráða að hús klaustursins í Flatey hafi verið nokkur, þrátt fyrir skamman rekstur í eygni. Upp á land voru fluttar 100 bækur, fjórar kirkjuklukkur og allur búnaður úr kirkjunni, þ.m.t. helgiskrín. Bústofninn, sem taldi um 30 skepnur: 20 kýr, tvö naut og átta hross, var sömuleiðis fluttur að Helgafelli, ásamt innanstokksmunum, kvörn, selanetum og tveimur bátum. Jarðagóss Flateyjarklausturs fylgdi einnig með.¹⁷ Flutningarnir benda eindregið til þess að um sama klaustur hafi verið að ræða enda þótt heitinu hafi verið breytt

⁹ Gunnar Karlsson, „Stofnár Þingeyraklausturs“, *Saga* 46:1/2008, bls. 159–167; Steinunn Kristjánsdóttir, *Leitin að klaustrunum*, bls. 88–91.

¹⁰ Hjalti Hugason, „Frumkristni og upphaf kirkju“, bls. 166–168; Gottskálk Jensson, „Íslenskar klausturreglur og libertas ecclesie á ofanverðri 12. öld“, bls. 22–23. Hér er átt við Kristinna laga þátt Grágásar sem byggist efnislega á þeim þeim lögum sem sett voru við kristnitökuna (kristnirétti hinum forna).

¹¹ Steinunn Kristjánsdóttir, *Leitin að klaustrunum*, bls. 57–58.

¹² Efast hefur verið um að nokkurt klausturhald hafi verið í Keldnaklaustri. Sterkar vísbendingar eru hins vegar fyrir því að prior, Sveinn að nafni, hafi farið fyrir klaustrinu en svo virðist sem Sæmundur, sonur Jóns Loftssonar, stofnanda Keldnaklausturs, hafi haldið klaustri föður síns við að honum látnum. Þegar Sæmundur lést létu afkomendur hans rífa klaustrið og skiptu þeir viðunum með sér. Það bendir eindregið til þess að á Keldum hafi staðið klausturbygging þar eð ekki er hægt að rífa hús sem ekki er til. Sjá Steinunn Kristjánsdóttir, *Leitin að klaustrunum*, bls. 300–303.

¹³ Steinunn Kristjánsdóttir, *Leitin að klaustrunum*, bls. 60–62.

¹⁴ Erik Gunnes, „Klosteranlegg i Norge: En oversikt“, bls. 117–118; Roberta Gilchrist, *Gender and Material Culture. The Archaeology of Religious Women*, London: Routledge, 1994, bls. 39–40.

¹⁵ Sverrir Jakobsson, „Frá Helgafellsklaustri til Stapaumboðs“, *Íslensk klausturmenning á miðöldum*, ritstj. Haraldur Bernharðsson, Reykjavík: Miðaldastofa Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan, 2016, bls. 83–102, hér 86–87; Steinunn Kristjánsdóttir, *Leitin að klaustrunum*, bls. 57–63.

¹⁶ *Diplomatarium Islandicum, Íslenskt fornbréfasafn* (hér eftir *DI*) 1, bls. 282.

¹⁷ *DI* 1, bls. 282.

sökum flutninganna. Svo umsvifamiklar breytingar hafa þó væntanlega þýtt að endurvígja hefur þurft klausturkirkjuna á nýjum stað. Eins bendir stofnskráin frá tímum flutninganna til þess að klaustrið hafi verið „stofnað“ á ný á Helgafelli. Ástæður fyrir flutningnum eru alla jafna taldar hafa verið pólitískis eðlis og jafnvel liður í valdatafli Sturlunga. Með flutningnum náði Ögmundur ábóti forráðum yfir kirkjustað — því að Helgafell var staður en ekki Flatey — og vel má vera að tryggara hafi verið að hafa klaustrið þar þegar deilur leikmanna og leiðtoga kirkju um kirkjustaðina voru í þann mund að hefjast.¹⁸ Að þeim verður vikið síðar. Flateyjarklaustri var alltént lokað við þessi tímamót og Helgafellsklaustur varð síðan eitt af farsælustu klaustrum landsins. Helgafellsklaustur og Þykkvabæjarklaustur voru bæði rekin samkvæmt reglu Ágústínusar en ekki er vitað hvaða reglu Keldnaklaustur fylgdi.

Aldamótaárið 1200 var Saurbæjarklaustur stofnað en það var þriðja klaustrið sem komið var á fót í Hólabiskupsdæmi og það tíunda í landinu öllu, ef Flateyjarklaustur og Helgafellsklaustur eru taldar sem tvær stofnanir. Regla Saurbæjarklausturs er ekki þekkt.¹⁹ Viðeyjarklaustur var stofnað næst, árið 1226.²⁰ Var það lengst af rekið samkvæmt reglu Ágústínusar og heyrði undir Skálholtsbiskupsdæmi.²¹ Ekkert klaustur var síðan stofnað hérlendis fyrr en undir lok þrettándu aldar er deilur um skiptingu veraldlegs og kirkjulegs valds í landinu voru útkljáðar. Við þau tímamót voru Reynistaðarklaustur og Möðruvallaklaustur stofnuð, bæði í Hólabiskupsdæmi. Reynistaðarklaustur var nunnuklaustur af reglu Benedikts en Möðruvallaklaustur var einkum rekið sem prestaskóli af reglu Ágústínusar.²² Langt hlé varð á stofnun klaustra eftir það eða allt þar til síðasta klaustrið var sett á fót hérlendis árið 1493.²³ Það var Skriðuklaustur, sem var Ágústínusarklaustur, og heyrði það undir Skálholtsbiskupsdæmi.²⁴

Rétt er að benda á að öll klaustrin urðu fyrir alvarlegum áföllum á rekstrar-tíma sínum vegna hamfara af völdum manna eða náttúru, án þess að til lokunar kæmi af þeim sökum (sjá töflu 2). Svo að dæmi sé tekið, brunnu hús og innanstokksmunir Möðruvallaklausturs til kaldra kola árið 1316. Var klaustrið þar endurreist áratug síðar með aðstoð erkibiskups. Munkaþverárklaustur brann árið 1429, svo að mannskaði hlaust af. Var klaustrið þar endurreist nær samtundis. Annálar geta einnig bæjarbruna á Þingeyrum 1157. Sennilega var það klaustrið sem brann þar eð ekki er vitað til þess að bær hafi þá verið á staðnum. Starfsemi klaustursins var haldið óslitið áfram þrátt fyrir þetta. Klausturkirkjan í Viðey brann sömuleiðis seint á fjórtándu öld og kirkja Möðruvallaklausturs brotnaði í óveðri árið 1421 en báðar voru þær endurreistar jafnharðan. Öll klaustrin, nema Möðruvallaklaustur, urðu jafnframt fyrir alvarlegum skakka-föllum þegar svartidauði geisaði tvívegis hérlendis á miðöldum. Í fyrra skiptið,

¹⁸ Sverrir Jakobsson, „Frá Helgafellsklaustri til Stapaumboðs“, bls. 89 og 99; Steinunn Kristjánsdóttir, *Leitin að klaustrunum*, bls. 223.

¹⁹ Steinunn Kristjánsdóttir, *Leitin að klaustrunum*, bls. 313–314.

²⁰ Eða 1225.

²¹ Steinunn Kristjánsdóttir, *Leitin að klaustrunum*, bls. 325.

²² Steinunn Kristjánsdóttir, *Leitin að klaustrunum*, bls. 358, 390.

²³ Eða 1494.

²⁴ Steinunn Kristjánsdóttir, *Leitin að klaustrunum*, bls. 428.

1402–1403, dóu abbadísirnar báðar og allir ábótarnir, auk priorsins í Skriðuklaustri. Fjölmarginn annað klaustrafólk lést sömuleiðis úr veikinni. Ráðsmaður frá Hólum fór á þessum tíma fyrir Möðruvallaklaustri og slapp það betur en önnur klaustur við mannafall. Þegar svartidaudi gaus upp aftur undir lok fimmtándu aldar létust ábótar Þingeyraklausturs og Viðeyjarklausturs. Þrátt fyrir að mannafall hafi verið mikið meðal klaustrafólks í svartadauda, tóku klaustrin að dafna sem aldrei fyrir á tímum hans. Það var vegna þess að almenn-ingur treysti á að almættið gæti bjargað honum undan hörmungum af þessu tagi en þær voru taldar vera refsing Guðs vegna synda mannanna. Áheit og gjafir bárust því sem aldrei fyrir til kirkjulegra stofnana, eins og klaustranna, svo að kveða mætti pestina niður.²⁵

Deilurnar á þrettándu öld og áhrif þeirra á klausturhald hérlendis

Undir lok tólftu aldar upphófust hér á landi deilur um kirkjuvaldsstefnu páfa en í stefnunni fólst sú krafa að veraldlegt og kirkjulegt vald yrði skilið að og að kirkjan, hvar sem hún starfaði, lyti eigin lögum. Hart var deilt um þessa frelsis-stefnu kirkjunnar á meginlandinu, allt frá því þegar hún var kynnt fyrst seint á elleftu öld. Deilan hófst með skrýðingardeilunni svonefndu sem háð var á milli Gregoríusar VII páfa og keisara Hins heilaga rómverska ríkis um það ákvæði kanóníks réttar að einungis páfi, eða erkibiskup í umboði hans, mætti skipa æðstu embættismenn kirkjunnar.²⁶ Skrýðingardeilan var leidd til lykta á meginlandinu árið 1122 en hliðstæðar deilur áttu sér stað víðar um Evrópu, þar á meðal á Íslandi, löngu síðar. Þótti veraldlegum valdhöfum — konungum, furstum og síðar íslenskum höfðingjum líka — vegið að valdi sínu en deilt var um fleiri atriði kanóníks réttar en embættisveitingar, eins og til dæmis um lög-gjafar- og dómsvald kirkjunnar en einnig um rekstur kirkna.²⁷

Það var ekki fyrir en með stofnun erkibiskupsstólsins í Niðarósi 1153 að áhrifa kirkjuvaldsstefnunnar tók að gæta að ráði hér á landi en Íslendingar hlutu fyrir en síðar að þurfa að fylgja kanónískum rétti, rétt eins og aðrar þjóðir sem höfðu ákveðið að taka kristni. Innlendir leiðtogar vissu vafalaust af þessari kröfu í gegnum samskipti sín við erkibiskup Íslendinga í Lundi en þeir höfðu hins vegar kosið frá kristnitöku að fylgja eigin lögum — landslögum — og sniðganga þannig nær alfarið kanónískan rétt. Kristinna laga þáttur Grágásar, sem, sem talinn er hafa verið skráður á árunum 1122–1133 og um það leyti sem skrýðingardeilan var leyst, inniheldur ýmis ákvæði er varða kristnihaldið sjálft en engin um að skilja beri að veraldlegt og andlegt vald.²⁸ Hérlendis var harðast deilt um kirkjustaðina en leikmönnum var þá fyrst meinað að reka

²⁵ Steinunn Kristjánsdóttir, *Leitin að klaustrunum*, bls. 520.

²⁶ Lára Magnúsardóttir, *Bannfæring og kirkjuvald á Íslandi 1275–1550*, óbirt doktorsritgerð við Háskóla Íslands, 2007, bls. 70–72; Gottskálk Jensson, „Íslenskar klausturreglur og libertas ecclesie á ofanverðri 12. öld“, bls. 16–24.

²⁷ Gunnar F. Guðmundsson, „Íslenskt samfélag og Rómakirkja“, bls. 20–24, 84–85; Lára Magnúsardóttir, *Bannfæring og kirkjuvald á Íslandi 1275–1550*, bls. 128–129.

²⁸ Sigurður Línal, „Upphaf kristni og kirkju“, bls. 249–250; Hjalti Hugason, „Frumkristni og upphaf kirkju“, bls. 93–101, 166–167, 193–197, *Grágás*, Gunnar Karlsson, Kristján Sveinsson og Mörður Árnason sáu um útgáfuna, 2001, Reykjavík: Mál og Menning, bls. xi, 1–45.

kirkjur og hafa af þeim tekjur, eins og hefð hafði skapast fyrir. Eru þessar deilur nefndar staðamál.²⁹ Þá var veraldlegum leiðtogum, goðorðs- og/eða lögsögu- mönnum, meinað að taka að sér kirkjuleg embættisverk en margir þeirra sinntu veraldlegum verkum samhliða því að þjóna sem prestar eða djákna. Skipun leiðtoga í helstu kirkjulegu embætti innanlands skiptu miklu máli í því hvernig deilurnar þróuðust, einkum þó þegar kom að vali og vígslu biskupa vegna þess hversu valdamiklir þeir voru. Ekkert kom heldur fram í landslögum um skipun í embætti biskupa, aðeins er þar fjallað um valdsvið þeirra, en þeir höfðu fram til þessa verið valdir úr röðum höfðingja.³⁰ Inn í deilurnar fléttuðust jafnframt hjúskapar- og sambúðarmál en samkvæmt kanónískum rétti máttu þjónar kirkjunnar ekki kvænast, auk þess sem frilluhald og fylgilag³¹ var bannað en þess konar sambúðarform höfðu lengi tíðkast í evrópskum samfélögum. Slíkt bann hafði mikið að segja fyrir gamla ættarsamfélagið á Íslandi, ekki síður en konungsveldin á meginlandinu, því að innlendir leiðtogar byggðu gjarnan veldi sitt á hagsmunasamböndum og barneignum, rétt eins og verðmætum kirkju- eignum.³² Þá var einnig deilt um forræði yfir siðferðismálum en kirkjan krafðist þess að hafa bæði löggjafarvald og dómsvald í þeim, enda tengduð þau grunn- gildum kirkjunnar um skírlífi, frilluhald og barneignir utan hjónabands.³³

Hófust deilurnar um kirkjuvaldsstefnuna fyrir alvöru hér á landi skömmu eftir að Þorlákur Þórhallsson var vígður biskup í Skálholti 1178. Hann sýndi stefnunni meiri skilning en fyrirrennarar hans, enda menntaður við virtustu klausturskóla erlendis og þekkti því vel til málanna.³⁴ Reyndi Þorlákur — sem undirmaður erkibiskups og páfa — fyrst og fremst að fylgja eftir kröfu kirkjunnar um forræði yfir kirkjueignum en einnig reglum um breytt siðferði í hjúskaparmálum. Við andlát Þorláks árið 1193 náðu innlendir höfðingjar hins vegar fyrri stöðu sinni með því að koma Páli Jónssyni — frillusyni Jóns Loftssonar og leiðtoga Oddaverja — í stól biskups í hans stað. Páll var eins og gefur að skilja andsnúinn afskiptum Rómakirkju og erkibiskupsstóls af málefnum kirkjunnar innanlands, rétt eins og faðir hans var þekktur fyrir.³⁵ Bið varð því á að kanónískum rétti væri fylgt hérlendis að einhverju marki. Það sama átti síðan við um eftirmann Páls í Skálholti, Haukdælinn Magnús Gissurarson, sem vígður var í embætti árið 1216 — fimm árum eftir lát Páls. Biskupinn á Hólum, Oddaverjinn Brandur Sæmundarson, studdi sömuleiðis málstað veraldlegra höfðingja og hafði gert síðan hann tók við embætti á Hólum 1163. Við af honum tók Guðmundur góði árið 1203 en hann reyndi — óvænt þó — að fylgja kirkjuvaldsstefnunni eftir með svipuðum hætti og Þorlákur biskup gerði

²⁹ Magnús Stefánsson, „Um staði og staðamál“, *Saga* 40:2/2002, bls. 139–166.

³⁰ Magnús Stefánsson, „Um staði og staðamál“, bls. 69.

³¹ Voru þær konur sem þjónar kirkjunnar bjuggu með sem eiginkonur væru nefndar fylgikonur og þess konar sambúðarform nefnt fylgilag.

³² Auður Magnúsdóttir, Fríllor och fruar: Politik och samlevnad på Island 1120–1400, óbirt doktorsritgerð við Göteborgs universitet, 2001; Lára Magnúsdóttir, Bannfæring og kirkjuvald á Íslandi 1275–1550, bls. 121–129.

³³ Agnes S. Arnórsdóttir, *Konur og vígamenn: Staða kynjanna á Íslandi á 12. og 13. öld*, Reykjavík: Sagnfræðistofnun og Háskólaútgáfan, 1995, bls. 108–117; Lára Magnúsdóttir, Bannfæring og kirkjuvald á Íslandi 1275–1550, bls. 113–129.

³⁴ Gunnar F. Guðmundsson, Íslenskt samfélag og Rómakirkja, bls. 27–38, 76–80; Gottskálk Jensson, „Íslenskar klausturreglur og libertas ecclesie á ofanverðri 12. öld“, bls. 9–57, hér 29–46.

³⁵ Sjá til dæmis Lára Magnúsdóttir, Bannfæring og kirkjuvald á Íslandi 1275–1550, bls. 118–127.

fyrir sunnan. Guðmundur góði átti af þeim sökum alla sína biskupstíð í erjum við helstu höfðingja norðanlands. Lenti hann í bardögum vegna þessa og oftár en einu sinni var hann hrakinn af biskupsstól sínum. Átti Guðmundur að vera fulltrúi Ásbirninga á biskupsstóli en hann snerist fljótt gegn þeim.³⁶

Deilurnar um kirkjuvaldsstefnuna voru svo sannarlega margslungnar og oft óljóst hver studdi hvern. Skýrasta dæmið um það eru ef til vill blóðtengsl Þorláks helga og Páls biskups en Þorlákur var systursonur Páls. Þorlákur fylgdi kanónískum rétti í einu og öllu, sem sást einna best á því að hann var aldrei við kvenmann kenndur. Páll átti aftur á móti fylgikonu og með henni börn.³⁷ En með því að hlutast með svo afgerandi hætti til um skipun biskupa sunnan- og norðanlands á þrettándu öldu náðu valdamestu höfðingjaættir landsins að koma í veg fyrir að kirkjan næði því takmarki að vera sjálfstæð stofnun óháð veraldlegu valdi — en aðeins til að byrja með.

Það var einmitt við upphaf þessara deilna sem tvær völdugustu höfðingjaættir landsins, Oddaverjar fyrir sunnan og Ásbirningar fyrir norðan, tóku sig til og stofnuðu sín eigin klaustur með stuðningi biskupa sem ættarveldin völdu sjálf. Þetta voru Keldnaklaustur og Saurbæjarklaustur. Með stofnun þeirra virtu höfðingjar að vettugi kröfu kirkjunnar um að losa um tök leikmanna á kirkju-eignum. Vel má vera að þeir hafi styrkt stöðu sína gagnvart hinu miðstýrða valdi Rómakirkju með þessum gjörningi en aðeins um stundarsakir. Bæði þessi einkareknu klaustur lognuðust fljótt út af og var þeim lokað á tímabilinu 1222–1224.³⁸ Höfðingjar, andsnúnir innleiðingu ákvæða kanóníks réttar í landslög, voru þó alls ekki af baki dottnir við lokun þessara tveggja einkaklaustra og stofnuðu Viðeyjarklaustur árið 1226.³⁹ Landið logaði vissulega í ófriði á þessum tíma og veikti það vafalaust stöðu veraldlegra leiðtoga innanlands. Hver höndin var uppi á móti annarri.⁴⁰ Lokun Keldnaklausturs árið 1222 og Saurbæjarklausturs 1224 kann að tengjast þessum ófriði en stuðning erkibiskups skorti ennfremur fyrir rekstri þeirra, sem og öðrum gjörningum sem veraldlegir leiðtogar frömdu í hans óþökk. Örlög Viðeyjarklausturs urðu þó önnur en hinna tveggja, enda var, þegar hér var komið sögu, stutt í veigamiklar breytingar. Þær urðu þegar erkibiskup tók alfarið fyrir vígslu innlendra höfðingjasona í embætti biskupa hérlendis árið 1238.⁴¹ Misstu höfðingjar þar með yfirráð sín yfir biskupsstólunum tveimur. Róðurinn þyngdist mikið við það. Vígði erkibiskup norskan kanúka, Bótólf að nafni, í stól biskups á Hólum og í stól biskups í Skálholti vígði hann fyrrum ábóta í Seljuklaustri í Noregi, Sigvarð Þéttmarsson. Við af Sigvarði tók íslenskur maður, Árni Þorláksson, sem leiddi deilurnar endanlega til lykta með sættagjörð milli deiluaðila árið 1297. Með

³⁶ Gunnar F. Guðmundsson, „Íslenskt samfélag og Rómakirkja“, bls. 50–59; Lára Magnúsdóttir, *Bannfæring og kirkjuvald á Íslandi 1275–1550*, bls. 129–130.

³⁷ Agnes S. Arnórsdóttir, *Konur og vígamenn*, bls. 175–178; Gunnar F. Guðmundsson, „Íslenskt samfélag og Rómakirkja“, bls. 42–43.

³⁸ Steinunn Kristjánsdóttir, *Leitin að klaustrunum*, bls. 307, 314.

³⁹ Steinunn Kristjánsdóttir, *Leitin að klaustrunum*, bls. 463–464.

⁴⁰ Gunnar Karlsson, *Iceland's 1000 years: History of a Marginal Society*, London: Hurst and Company, 2000, bls. 79–86.

⁴¹ Agnes S. Arnórsdóttir, *Konur og vígamenn*, bls. 108–112; Jón Viðar Sigurðsson, „Samskipti íslenskra biskupa við útlenda yfirboðara á öldum áður“, *Saga biskupsstólanna*, ritstj. Gunnar Kristjánsson, Hólar: Bókaútgáfan Hólar, 2006, bls. 491–516, hér 508–512.

sættagjörðinni var kirkjuleg og veraldleg stjórnsýsla var aðskilin. Það varð til þess að tækifæri veraldlegra höfðingja til þess að hlutast til um kirkjuleg málefni innanlands voru nánast úr sögunni. Miklu skipti þá að Árni hafði þegar árið 1275 fengið nýjan kristnirétt, Kristnirétt hinn nýja, lögfestan í Skálholtsbiskupsdæmi.⁴² Það varð til þess að áhrif og völd Rómakirkju jukust enn frekar í landinu, á kostnað veraldlegra höfðingja, en þó aðeins með tíð og tíma.

Frumkvæði veraldlegra höfðingja til að stofna eigin klaustur verður eigi að síður að teljast mikilvægt í baráttu þeirra gegn yfirráðum Rómakirkju í kirkjulegum málefnum í landinu, þrátt fyrir að tilraunir þeirra hafi ekki í öllum tilvikum gengið upp til langs tíma. Íslensku klaustrin höfðu snemma skipað sér sess sem helstu kirkjulegu stofnanir landsins, næst á eftir biskupsstólunum. Að þeim sópaðist því fljótt mikill auður í formi jarðeigna og lausamuna en fyrir þeim fóru einnig valdamiklir embættismenn og konur, þ.e. ábótar og abbadísir, sem biskupar völdu til starfa. Drógust þau því nær öll inn í þær deilur sem urðu héraðs vegna kirkjuvaldsstefnunnar. Þrjú klaustur, á Þingeyrum, Munkaþverá og í Saurbæ, voru starfandi í Hólabiskupsdæmi meðan á deilunum stóð og sem fyrr segir fjölgaði þeim ekki á ný þar fyrir en samningar náðust á milli deiluaðila. Svo virðist sem Þingeyraklaustur, eitt starfandi klaustra þar á þessum tímum, hafi að mestu leyti staðið utan við deilurnar, sennilega vegna þess að það var strax í upphafi sett undir erkibiskup og páfa en ef til vill einnig vegna stöðu sinnar sem miðstöðvar ritunar í Norður-Evrópu.⁴³ Það kann að hafa orðið til þess að draga úr deilum konungsvalds og kirkju í Noregi. Munkaþverárklaustur lenti aftur á móti í alvarlegum kröggum um og eftir aldamótin 1200 — á sama tíma og Ásbirningar stofnuðu eigið klaustur, Saurbæjarklaustur, en bæði voru þau á sömu slóðum í Eyjafirði. Oddaverjinn Brandur Sæmundarson Hólabiskup hafði látið fyrir farast að vígja nýjan ábóta til starfa er embættið í Munkaþverárklaustri losnaði árið 1196. Í kjölfarið féllu hús þess og starfsemin lagðist niður. Það var ekki fyrir en Guðmundur góði vígði nýjan ábóta til starfa og endurreisti klausturhúsin á Munkaþverá strax eftir að hann tók við embætti Hólabiskups árið 1203 að klausturhald hófst þar á ný. Munkaþverárklaustur lifði þannig deilurnar af — naumlega þó — og varð það með tíð og tíma meðal farsælustu klaustrum landsins.⁴⁴

Á tímum deilnanna voru klaustrin í Skálholtsbiskupsdæmi helmingi fleiri en í Hólabiskupsdæmi. Þar voru þá starfandi Helgafellsklaustur, Hítardalsklaustur, Þykkvabæjarklaustur, Kirkjubæjarklaustur, Keldnaklaustur og Viðeyjarklaustur. Svo lítur út fyrir að Hítardalsklaustur hafi lognast út af í blábyrjun þrettándu aldar vegna deilnanna en Þorleifur beiskaldi hafði gefið kirkjunni Hítardal til stofnunar klausturs eftir mannskæðan bruna þar árið 1148. Fórst þá Magnús Einarsson biskup, ásamt fjölda klerka af Suðurlandi. Klaustrið tók til starfa 1166 en síðast var ábóti starfandi þar árið 1201. Eftir það hverfur það

⁴² Gunnar F. Guðmundsson, „Íslenskt samfélag og Rómakirkja“, bls. 84–101; Lára Magnúsdóttir, Bannfering og kirkjuvald á Íslandi 1275–1550, bls. 127–129, 441–450.

⁴³ Gottskálk Jensson, „Íslenskar klausturreglur og libertas ecclesie á ofanverðri 12. öld“, bls. 23, 46–53; Gottskálk Jensson, „Þingeyrar Abbey in Northern Iceland: A Benedictine Powerhouse of Cultural Heritage“, *Religions* 12/2021, bls. 149–164, hér 152–157, doi.org/10.3390/rel12060423.

⁴⁴ Steinunn Kristjánsdóttir, *Leitin að klaustrunum*, bls. 132–134.

af sjónarsviðinu.⁴⁵ Staðurinn virðist hafa komist aftur í eigu leikmanna, líklega þegar Þorlákur Ketilsson, mágur Páls biskups, var prestur þar frá 1198–1220. Sonur hans, Ketill Þorláksson bjó síðan í Hítardal frá 1220 en hann var tengdasonur Þorvaldar Gissurarsonar goðorðsmanns af ætt Haukdæla. Árið 1224 seldi Ketill syni Páls og frænda sínum, Lofti, staðinn.⁴⁶ Tengsl Hítardals við veraldlega leiðtoga eru að þessu leyti skýr en allir voru þeir Þorlákur, Ketill, Þorvaldur og Loftur goðorðsmenn en einnig prestar. Veraldlegir leiðtogar tóku yfir fleiri klausturstaði, eins og til dæmis Kirkjubæjarklaustur árið 1217. Meðan á yfirtökunni stóð réðu leikmenn þar ríkjum, fyrst Digur-Helgi Þorsteinsson og síðar sonur hans Ögmundur.⁴⁷ Klausturhald hófst ekki aftur í Kirkjubæjarklaustri undir stjórn abbadísar fyrr en nærri átta áratugum síðar en það var þegar deilurnar höfðu verið leystar. Rekstur Kirkjubæjarklausturs reyndist farsæll eftir það, rétt eins og hann var frá stofnun klaustursins og fram að því þegar hlé varð á klausturhaldinu vegna yfirtöku veraldlegra leiðtoga.⁴⁸

Eftir að Keldnaklaustri hafði verið lokað árið 1222 lýsti Skálholtsbiskup, Magnús Gissurarson, lýst yfir áhyggjum sínum af því að ekkert klaustur væri lengur starfandi í Sunnlendingafjórðungi.⁴⁹ Það var þá sem áður nefndur Þorvaldur Gissurarson, bróðir Magnúsar, stofnaði Viðeyjarklaustur ásamt Snorra Sturlusyni en þarna efndu tveir helstu höfðingjar sunnanlands og vestan til sögulegs samstarfs. Vígði Skálholtsbiskup Þorvald í embætti ábóta yfir því. Annan bróður sinn, Hall, setti Magnús yfir hin munkaklaustrin tvö sem enn voru rekin í hans umdæmi, Helgafellsklaustur og Þykkvabæjarklaustur.⁵⁰ Greina mátti breytingar á rekstri klaustranna svo skjótt sem erkibiskup neitaði árið 1238 að vígja höfðingjasyni sem voru andsnúnir kirkjuvaldsstefnunni í embætti biskupa á Íslandi. Viðeyjarklaustur rann fljótt eftir það höfðingjum úr greipum og var það rekið til síðaskipta án aðkomu þeirra frá 1250. Valdatakan í Þykkvabæ og á Helgafelli var þá afstaðin og klaustrin þar rekin með stuðningi biskupanna Sigvarðs Þéttmarssonar og síðar Árna Þorlákssonar í Skálholti. Sá síðarnefndi endurvakti klausturhald í Kirkjubæ árið 1293.⁵¹ Við lok þrettándu aldar voru fimm klaustur horfin fyrir fullt og allt af sjónarsviðinu, Bæjarklaustur 1049, Flateyjarklaustur 1184, Hítardalsklaustur um 1201, Keldnaklaustur 1222 og Saurbæjarklaustur 1224.

Hlé varð einnig, sem fyrr segir, á stofnun klaustra á Íslandi eftir að Viðeyjarklaustri var komið á fót u.þ.b. 1225, allt þar til deilum um kirkjuvaldsstefnuna lauk endanlega seint á þrettándu öld. Það var við þessi tímamót sem tvö klaustur voru stofnuð til viðbótar í umdæmi Hóla, þ.e. Reynistaðarklaustur árið 1295 og Möðruvallaklaustur árið 1296. Skriðuklaustur, sem stofnað var fyrir

⁴⁵ Steinunn Kristjánsdóttir, *Leitin að klaustrunum*, bls. 174–178.

⁴⁶ *Íslenskar æviskrár frá landnámstímum til ársloka 1940 3*, Páll Eggert Ólason o.fl. tóku saman, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1950, bls. 358, 397.

⁴⁷ Anna Sigurðardóttir, *Allt hafði annan róm í páfádóm: Nunnuklaustrin tvö á Íslandi á miðöldum og brot úr kristnisögu*, Reykjavík: Kvennasögusafn Íslands, 1988, bls. 28.

⁴⁸ Anna Sigurðardóttir, *Allt hafði annan róm í páfádóm*, bls. 31–34; Steinunn Kristjánsdóttir, *Leitin að klaustrunum*, bls. 274–277.

⁴⁹ *DI 1*, bls. 484.

⁵⁰ Steinunn Kristjánsdóttir, *Leitin að klaustrunum*, bls. 192–195, 326–327.

⁵¹ Steinunn Kristjánsdóttir, *Leitin að klaustrunum*, bls. 277–278.

tilstíli Skálholtsbiskups, tók síðan til starfa síðast klaustra á kaþólskum tíma á Íslandi rétt undir lok fimmtándu aldar.⁵² Stóð þá Rómakirkja á hátindi veldis síns, hér á landi sem og í nágrannalöndunum. Stutt var þó í endalokin. Senn kom að því að rómversk-kaþólsk trúariðkun var bönnuð í danska konungsveldinu og urðu umsvif Rómakirkju í landinu þar með að engu.

Lokun klaustranna í Skálholtsbiskupsdæmi við siðaskiptin

Þegar erkibiskupsstólinn í Niðarósi var lagður niður árið 1537, veiktist staða Rómakirkju á Íslandi til mikilla muna. Danakonungur, Kristján III (í embætti 1534–1559), hafði árið áður innleitt lúterstrú í Danmörku. Siðaskiptin voru þar með hafin. Áhersla var lögð á eflingu ríkisvalds á kostnað kirkjuvalds, sem hafði svo lengi verið ráðandi. Þar sem klausturhald þekkt ekki innan kirkju-deilda mótmælanda, eins og þeirri lútersku, hlutu siðaskiptin að hafa mikil áhrif á rekstur klaustra. Áhrif nýrra áherslna í stjórn ríkisins tóku síðan að berast til Íslands, friðsamlega til að byrja með, eða allt þar til menn konungs gerðu árás á Viðeyjarklaustur á hvítasunnu árið 1539. Voru hús klaustursins þá brotin niður og vanheltuð, auk þess sem íbúum var misþyrmt.⁵³ Sagt var að ætlunin hefði verið að taka klaustrin í Þykkvabæ og Kirkjubæ sömu tókum en af því varð ekki⁵⁴ — og er allsendis óvíst að það hafi staðið til í raun og veru. Í framhaldi af árásinni afhenti hirðstjóri landsins, Claus af Mervitz, góðum vini sínum, Diðrik frá Minden, klaustrið í Viðey með öllum eignum þess en hann var einn þeirra sem stóð að árásinni. Bannfærði Ögmundur biskup hann raunar fyrir hana.⁵⁵ Diðrik var hins vegar drepinn síðar sama ár.⁵⁶ Í desember 1542 skipaði konungur svo fyrir að í Viðey ættu embættismenn hans í landinu að hafa aðsetur sitt.⁵⁷ Þegar Pétur Einarsson, bróðir Marteins sem síðar varð biskup, var gerður að umboðsmanni konungs í landinu sama ár⁵⁸ settist hann einmitt að í Viðey. Reyndi hann hvað mest hann mátti að afmá öll ummerki klausturhalds þar og breytti hann gömlu klausturhúsum í veraldlegan embættismannabústað.⁵⁹

Viðeyjarklaustri var því lokað fyrst klaustra þegar siðaskiptatímarnir fóru í hönd hérlendis — sjötta klaustrinu frá upphafi klausturhalds í landinu. Ný lútersk kirkjuskipan hafði verið samþykkt á Alþingi árið 1541 en við þau tíma-mót urðu siðaskiptin að veruleika í Skálholtsbiskupsdæmi.⁶⁰ Fyrsti lúterski biskupinn, Gissur Einarsson, hafði þá þegar verið valinn⁶¹, enda þótt hann væri

⁵² Steinunn Kristjánsdóttir, *Leitin að klaustrunum*, bls. 519–521.

⁵³ *DI 10*, bls. 444–447, 449–459, 479–480.

⁵⁴ „Biskupa-annálar Jóns Egilssonar, með formála, athuga greinum og fylgiskjölum eptir Jón Sigurðsson“, *Safn til sögu Íslands 1*, Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag, 1856, bls. 15–136, hér 68–70.

⁵⁵ *DI 10*, bls. 449–450; 451–459.

⁵⁶ *DI 10*, bls. 464–465, 481–483.

⁵⁷ *DI 11*, bls. 179–180.

⁵⁸ *DI 11*, bls. 138–139. Pétur var umboðsmaður konungs til 1565, sjá Vilborg Auður Ísleifsdóttir, *Byltingin að ofan: Stjórnskipunarsaga 16. aldar*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2013, bls. 154.

⁵⁹ „Biskupa-annálar Jóns Egilssonar“, bls. 82; Árni Óla, *Viðeyjarklaustur: Drög að sögu Viðeyjar*, Akureyri: Kvöldvökuútgáfan, 1969, bls. 203–204.

⁶⁰ *DI 10*, bls. 632–633; Vilborg Auður Ísleifsdóttir, *Byltingin að ofan*, bls. 198–199.

⁶¹ Ögmundur biskup valdi Gissur sem eftirmann sinn sumarið 1539, sjá *DI 10*, bls. 447–448. Valið var samþykkt á prestastefnu Skálholtsumdæmis 28. júní 1540, sjá *DI 10*, bls. 529–531, og af þingheimi daginn eftir, sjá *DI 10*, bls. 533–534.

ekki formlega vígður fyrr en ári síðar í Danmörku.⁶² Í kjölfarið var þeim klaustrum sem enn voru starfandi í Skálholtsbiskupsdæmi lokað en það voru Helgafellsklaustur, Þykkvabæjarklaustur, Kirkjubæjarklaustur og Skriðuklaustur. Lokun þessara klaustra tók þó sinn tíma, eins og hér verður rakið, og oft óljóst hvort þau störfuðu, og þá með hvaða hætti og fyrir hvern, eftir 1541. Kristófer Hvítfelt hirðstjóri hélt því raunar fram í bréfi dagsettu 4. júlí það ár að nú hefðu allar klaustureignir í Danmörku, Noregi og Íslandi verið dæmdar undir konung.⁶³ Það kann vel að vera að svo hafi verið að einhverju marki en tvímælalaust ekki að öllu leyti. Atburðarásin á Íslandi varð ennfremur ólík þeirri sem varð í Danmörku og Noregi því að þar voru mörg klaustur seld efnafólki eftir að konungur tók þau yfir og voru þau rekin lengi eftir það sem skólar eða sjúkrahús, án þess þó að í þeim færi nokkurt klausturhald fram.⁶⁴ Ekkert slíkt gerðist hér. Danakonungur hafði vissulega áform um að opna latínuskóla í klaustrum Skálholtsbiskupsdæmis en þau áform fóru út um þúfur, rétt eins og fyrirætlanir hans um að opna spítala í öllum landsfjórðungum þegar klausturhald með tilheyrandi almannabjónustu var lagt af í landinu.⁶⁵

Áform Kristjáns III um skólalald koma einna skýrast fram í tveimur bréfum, báðum dagsettum 21. nóvember 1542. Annað bréfanna var stílað á Sigvarð ábóta í Þykkvabæ, Brand prior á Skriðu og Halldóru abbadís í Kirkjubæ.⁶⁶ Hitt bréfið var stílað á Halldór ábóta á Helgafelli og á konventubræður í Viðey,⁶⁷ enda hafði Alexíus ábóti þá þegar yfirgefið klaustrið þar.⁶⁸ Raunar hafði Alexíus boðist til að taka við stjórn klaustursins í Viðey á ný árið 1541⁶⁹ en af því hefur greinilega ekki orðið, enda húsin þá þegar ónýt. Sama ár lýsti Alexíus eigi að síður yfir hollustu við Kristján III Danakonung.⁷⁰ Í áður nefndum bréfum er vísað til þess að latínuskólum hafi þá þegar verið komið á fót í aflögðum klaustrum í Danmörku og Noregi.⁷¹ Það sama átti augljóslega að gerast á Íslandi. Konungur gerði síðan nýja tilraun til þess að koma á unglingskóla í Helgafellsklastri árið 1550⁷² en af því varð ekki, svo að vitað sé.

⁶² Loftur Guttormsson, „Frá siðaskiptum til upplýsingar“, *Kristni á Íslandi 3*, ritstj. Hjalti Hugason, Reykjavík: Alþingi, 2000, bls. 61.

⁶³ *DI 10*, bls. 640.

⁶⁴ Hans Krøngaard Kristiansen, „Den Danske Klostre og Reformationen“, *Reformationen: 1500-talets kulturrevolution 2*, ritstj. Ole Høiris og Per Ingesman, Árósum: Aarhus University Press, 2017, bls. 223–245, hér 228–236; Grete Jacobsen, „Monasteries and Convents as Crown Fiefs, 1500–1600: Especially for (noble) Women?“, *The Dissolution of Monasteries*, ritstj. Per Seesko, Louise Nyholm Kallestrup og Lars Bisgaard, Óðinsvéum: University Press of Southern Denmark, 2019, bls. 57–74, hér 72–73; Øystein Ekroll, „Thrown to the Wolves? The Fate of Norwegian Monasteries after the Reformation“, *The Dissolution of Monasteries*, ritstj. Per Seesko, Louise Nyholm Kallestrup og Lars Bisgaard, Óðinsvéum: University Press of Southern Denmark, 2019, bls. 151–168, hér 166–167; Oliver Auge, „Monasteries and Collegiate Chapters in the Duchies of Schleswig and Holstein and the Reformation“, *The Dissolution of Monasteries*, ritstj. Per Seesko, Louise Nyholm Kallestrup og Lars Bisgaard, Óðinsvéum: University Press of Southern Denmark, 2019, bls. 169–197, hér 170–184.

⁶⁵ Vilborg Auður Ísleifsdóttir, „Óreigar og umrenningar: Um fátækraframfærslu á síðmiðöldum og hrun hennar“, *Saga* 41:2/2003, bls. 91–126, hér 115–117.

⁶⁶ *DI 11*, bls. 176–178.

⁶⁷ *DI 11*, bls. 175–176.

⁶⁸ Janus Jónsson, „Um klaustrin á Íslandi“, *Tímarit hins íslenska bókmenntafélags* 8/1887, bls. 174–265, hér 250.

⁶⁹ *DI 10*, bls. 682–683.

⁷⁰ *DI 10*, bls. 686.

⁷¹ *DI 11*, bls. 177.

⁷² Sjá *DI 11*, bls. 750.

Þrátt fyrir að ekki hafi orðið af þessum fyrirætlunum konungs á Íslandi eru bréfin merkileg heimild um fyrirætlanir hans að byggja íslenskt samfélag upp á nýjum grunni eftir þau umskipti sem orðið höfðu. Dró konungur raunar til baka tilboð sitt um að reka skóla í Viðey í desember 1542 þegar hann gerði eyjuna að bústað embættismanna sinna.⁷³ Áform um skólahald í hinum klaustrunum fjórum runnu sömuleiðis út í sandinn. Sama ár, árið 1542, lét konungur einnig gera skrá yfir alla vígða sem höfðu aðsetur í þessum sömu klaustrum. Er þessi skrá því mikilvæg heimild um stöðu þeirra í Skálholtsbiskupsdæmi þegar siðaskiptin fóru í hönd (tafla 1).⁷⁴

Klaustur	Reglubræður	
Skriðuklaustur	Brandur púor	Ólafur, Magnús og Þorsteinn
Þykkvabæjarklaustur	Sigvarður ábóti	Jón Árnason, Jón Oddsson, Magnús, Jón grani og Sæmundur
Viðeyjarklaustur		Pétur, Þorleifur, Hallvarður og Jörundur klukkari
Helgafellsklaustur	Halldór ábóti	Ólafur, Jón Bakki, Gunnar og Gunnlaugur
	Reglusystur	
Kirkjubæjarklaustur	Halldóra abbadís	Guðríður, Oddný, Arnleif, Ástríður, Margrét og Valgerður

Tafla 1. Skrá yfir vígða í klaustrum í Skálholtsbiskupsdæmi árið 1542. Athygli vekur að strikað hefur verið yfir nafn Gunnlaugs í Helgafellsklaustri. Enginn ábóti er heldur skráður í Viðeyjarklaustri þetta ár.

Ekki er vitað um afdrif annarra sem höfðu aðsetur í þessum klaustrum við þessi tímamót, eins og til dæmis ráðsmanna, próventufólks, leikmanna eða þeirra sem þáðu ölmusu eða sjúkrahjálþ þar. Engra presta eða djákna er heldur getið í Kirkjubæjarklaustri en þeir hljóta að hafa verið þar á meðan klaustrið var í rekstri. Af heimildum má eigi að síður ráða að leikmenn hafi verið allmargir í hlutfalli við reglubræður og -systur, eins og var alla jafna í klaustrunum í Noregi og Danmörku.⁷⁵ Þess er þó getið að í Viðey haldi til 40 fátækir árið 1540, ári eftir árásina á klaustrið þar, en leiddar hafa verið líkur að því að þeir hafi upphaflega verið hýstir þar á vegum klaustursins.⁷⁶

Skráin bendir enn fremur til þess að hin vígðu — bræður og systur — hafi ekki yfirgefið klaustur sín strax við siðaskiptin í Skálholtsbiskupsdæmi árið 1541, fyrir utan Alexíus ábóta í Viðeyjarklaustri, sem áður er getið, og hugsanlega einn bróður í Helgafellsklaustri (sjá töflu 1). Samkvæmt nýju kirkjuskipaninni mátti vígt fólk búa áfram í klaustrum sínum væri það aldrað og farið að heilsu, en þó með þeim skilyrðum að það myndi rjúfa heit sitt og tileinka sér lúterska siði. Þeir ábótar og munkar sem vildu fara, áttu rétt á að fá klæði og

⁷³ *DI 11*, bls. 179–180.

⁷⁴ *DI 11*, bls. 186–187.

⁷⁵ Steinunn Kristjánsdóttir, *Sagan af klaustrinu á Skriðu*, Reykjavík: Sögufélag, 2012, bls. 250–256.

⁷⁶ Vilborg Auður Ísleifsdóttir, „Öreigar og umrenningar“, bls. 91–126, hér 116.

farareyri með sér.⁷⁷ Danakonungur hét því ennfremur að kosta upphald fyrrum abbadísa og nunna í lénum hans, á Íslandi þar á meðal, á meðan þær kusu svo.⁷⁸ Nunnur og abbadísir áttu nefnilega í raun og veru um fátt að velja utan veggja klaustra sinna, sérstaklega ef þær höfðu helgað sig klausturlífi í langan tíma, en munkar og ábótar áttu hins vegar þess kost að starfa sem prestar undir hinum nýja sið. Eins máttu þeir sem vildu kvænast.⁷⁹ Vígðar reglusystur gátu vissulega gifst, ef þær höfðu rofið klausturheit sitt, en engin dæmi eru um það hérlandis. Rétt er þó að benda á að almennt er ekki vitað um afdrif þeirra.

Þrátt fyrir þau tilmæli í nýju kirkjuskipaninni að klaustrafólk ryfi heit sín, þá er greinilegt að ábótar og abbadísir sinntu fyrri embættisverkum í einhverjum mæli eftir 1541. Það var misjafnt hversu lengi það var. Halldóra Sigvaldadóttir, abbadís til 42 ára í Kirkjubæjarklaustri, kemur til dæmis fyrir í máli sem hún sinnti sem slík árið 1543. Til er bréf sem staðfestir þetta. Í bréfinu ávarpar Gissur biskup hana sem abbadís og biður hana að hýsa ekki konu eina sem hafði flúið barsmíðar af hendi eiginmanns síns og leitað í klaustrið.⁸⁰ Ekki eru lyktir í þessu máli þekktar, né heldur hversu lengi Halldóra og nunnurnar sex héldu til í húsum Kirkjubæjarklausturs eftir þetta eða hvað af þeim varð. Þetta varð eigi að síður hennar síðasta þekhta embættisverk og segja má því að klausturhald í Kirkjubæ hafi lagst af um 1543.

Sigvarður ábóti í Þykkvabæjarklaustri bjó einnig áfram í klaustri sínu, sennilega til ársins 1548. Þegar árið 1542 óskaði hann, ásamt fimm öðrum klerkum, eftir því að þeim yrði ekki, sökum aldurs og lasleika, þröngvað til að fylgja annarri kennisetningu en þeirri sem þeir höfðu fylgt svo lengi, þ.e. þeirri kaþólsku.⁸¹ Vinsemd og virðing virðist eigi að síður hafa ríkt á milli þessa aldna ábóta og nýskipaðs biskups í lúterskum sið, rétt eins og á milli biskups og Halldóru abbadísar. Þó deildu þeir um eignarrétt á sláturnautum árið 1543.⁸² Þrátt fyrir þær deilur sendi Gissur biskup fátækan pilt í prestsnám til Sigvarðar ábóta í Þykkvabæjarklaustri árið 1545.⁸³ Sigvarður kemur raunar fyrir sem ábóti í bréfum er tengjast Jóni Arasyni biskup og tilraunum hans til endurreisnar kaþólskrar kirkju í landinu á árunum 1548–1550.⁸⁴ Þessar tilraunir fólust í að stuðningsmenn kaþólsks siðar í landinu — með Jón Arason biskup á Hólum í fararbroddi — reyndu að koma Sigvarði í embætti Skálholtsbiskups var þegar Gissur biskup lést árið 1548. Fóru þá bæði Sigvarður ábóti og Marteinn Einarsson, tilvonandi eftirmaður Gissurar biskups, utan á fund konungs til að fá vígslu. Marteinn hlaut hana enda voru siðaskiptin þá komin mun lengra í Danmörku en á Íslandi. Útilokað var fyrir kaþólskan biskup að fá vígslu. Varð

⁷⁷ *DI 11*, bls. 159–161.

⁷⁸ *DI 11*, bls. 247; *Danske Kancellis Registranter 1535–1550*, Kaupmannahöfn: Selskabet for Udgivelse af Kilder til dansk Historie, 1881–1882, bls. 362.

⁷⁹ Sjá til dæmis Grethe Jacobsen, „Nordic Women and the Reformation“, *Women in Reformation and Counter-Reformation Europe*, ritstj. Sherrin Marshall, Bloomington og Indianapolis: Indiana University Press, 1989, bls. 47–67, hér 62–63.

⁸⁰ *DI 11*, bls. 271.

⁸¹ *DI 11*, bls. 138–139.

⁸² *DI 11*, bls. 281.

⁸³ *DI 11*, bls. 450.

⁸⁴ *DI 11*, bls. 728 og 757.

Sigvarður eftir ytra og lést þar árið 1550.⁸⁵ Óvíst er þó að um nokkurt eiginlegt klausturhald hafi verið að ræða í Þykkvabæjarklaustri um og eftir 1545 en endalok þess má þó vel tengja við það þegar reynt var að vígja Sigvarð ábóta sem biskup árið 1548.⁸⁶ Hann virðist þá hafa yfirgefið klaustur sitt.

Halldór Tyrfingsson, ábóti yfir Helgafellsklaustri, sinnti sömuleiðis störfum sem slíkur eftir að siðaskiptin urðu í Skálholtsumdæmi 1541.⁸⁷ Gissur biskup ávarpar hann að minnsta kosti sem ábóta í bréfi sem dagsett er 3. október 1544. Bréfið er einnig stílað á konventubræðurna í Helgafellsklaustri en erindið varðaði einn þeirra, Gunnar, sem hafði gerst brotlegur. Fyrirgaf biskup honum og skipaði hann á ný sem reglubróður í klaustrinu.⁸⁸ Það bendir til þess að þar hafi verið klausturhald í einhverri mynd en að lúterskur biskup hafi haft einhvers konar átorítet yfir klausturbræðrunum. Halldór er einnig nefndur ábóti í bréfi sem dagsett er 1548 en þar virðist einungis vera vísað til hans í gömlu máli, þannig að ekki er um að ræða embættisverk frá þessu tiltekna ári.⁸⁹ Bróðir Ólafur í Helgafellsklaustri er raunar nefndur sem vitni í dómi frá árinu 1545⁹⁰ en allsendis óvíst er að hann hafi enn verið í klaustri sínu þá. Halldór ábóti er heldur ekki nefndur á nafn í þessum dómi. Gunnlaugi — þeim bróður sem bar nafnið sem strikað var yfir í skránni frá 1542 — bregður hins vegar aftur fyrir í heimildum árið 1550. Þar er sagt að hann hafi komist í skip og flúið land.⁹¹ Ekki er vitað hvenær það var. Álykta má því að Helgafellsklaustri hafi verið lokað um miðjan fimmta áratug sextándu aldar. Óljósar heimildir eru jafnframt fyrir því að ýmsir umboðsmenn konungs hafi tekið eignir þess yfir strax upp úr siðaskiptunum í Skálholtsbiskupsdæmi árið 1541.⁹² Skjal í *Fornbréfasafni* sýnir að áður nefndur umboðsmaður konungs, Pétur Einarsson, hafi þá þegar fengið í þjónustulaun jörðina Arnarstapa sem var í eigu Helgafellsklosturs.⁹³ Þangað var Helgafellsumboð síðan flutt, þar eð Helgafell þótti ekki góður kostur til ábúðar.⁹⁴ Helgafellsklaustur átti þó eftir að koma við sögu aftur, rétt eins og Viðeyjarklaustur, í endurreisnarherferð Jóns Arasonar biskups. Að þessu verður vikið í næsta kafla.

Svo virðist sem að Brandur Hrafnsson príor í Skriðuklaustri hafi búið lengst í klaustri sínu, sé litið til munkaklaustranna sem enn voru starfandi í Skálholtsbiskupsdæmi við siðaskiptin, en að raunverulegu klausturhaldi þar virðist þó hafa að mestu leyti verið hætt árið 1541. Að minnsta kosti hættir Brandur jarðaviðskiptum fyrir klaustrið það ár, sem og öðrum afskiptum af embættisverkum sem príor.⁹⁵ Gera má ráð fyrir að aðrir íbúar, leikmenn og sjúklingar, hafi dvalið

⁸⁵ *DI 11*, bls. 643–646, 680–681; *DI 12*, bls. 120–122.

⁸⁶ *DI 12*, bls. 120–122.

⁸⁷ Hermann Pálsson, *Helgafell: Saga höfuðbóls og klausturs*, Reykjavík: Snæfellingaútgáfan, 1967, bls. 110–111; Sverrir Jakobsson, „Frá Helgafellsklaustri til Stapaumboðs“, bls. 89–90.

⁸⁸ *DI 11*, bls. 332.

⁸⁹ *DI 11*, bls. 664.

⁹⁰ *DI 11*, bls. 432–434.

⁹¹ *DI 11*, bls. 795.

⁹² Hermann Pálsson, *Helgafell: Saga höfuðbóls og klausturs*, bls. 112–113.

⁹³ Vilborg Auður Ísleifsdóttir, *Byltingin að ofan*, bls. 152; *DI 10*, bls. 640; Sverrir Jakobsson, „Frá Helgafellsklaustri til Stapaumboðs“, bls. 95.

⁹⁴ *Kancelliets brevøger vedrørende Danmarks indre forhold 1561–1565*, Kaupmannahöfn: Kommission hos C.A. Reizel, 1893–1895, bls. 590.

⁹⁵ Heimir Steinsson, *Saga munklífis að Skriðu í Fljótsdal, sérefnisritgerð til embættisprófs við Guðfræðideild*

áfram í klausturhúsum á Skriðu, ásamt Brandi og hugsanlega þeim þremur bræðrum sem voru þar árið 1542. Danakonungur tók raunar ekki formlega við klausturgóssi Skriðuklausturs fyrr en árið 1554 en þá setti hann Einar Árnason í embætti umsjónarmanns með eignum bæði Skriðuklausturs og Kirkjubæjar-klausturs.⁹⁶ Einar Árnason var þó greinilega kominn til starfa sem klausturhaldari Skriðuklausturs fyrir þann tíma því að árið 1552 kemur hann fyrir í dómi í máli Bjarna Guðmundssonar prests á Hofi í Álftafirði en Bjarni hafði óhlýðnast hinni nýju kirkjuskipan. Bréf um dóminn var ritað í Skriðuklaustri en þar er Brandur ekki nefndur á nafn. Virðist hann því þá þegar hafa yfirgefið klaustrið.⁹⁷ Árið 1554 hefur eigi að síður alla jafna verið látið marka endalok klausturhalds á Skriðu þótt einnig megi vel miða við siðaskiptin 1541 eða jafnvel ekki fyrr en 1552 þegar Einar Árnason hafði tekið við staðnum. Einar klausturhaldari bjó hins vegar ekki í klausturhúsunum enda virðast þau hafa verið látin falla þegar þau sem þar höfðust við höfðu flutt burtu eða safnast til feðra sinna áratugina eftir lokun. Fornleifarannsóknir sem hafa farið fram á kirkjugarði Skriðuklausturs og rústum húsa þess staðfesta þetta. Skriðuklausturskirkja stóð eigi að síður áfram en var rifin og ný, minni, byggð á grunni hennar upp úr aldamótunum 1600, eins og gert var á flestum klausturstöðum Íslands samkvæmt fyrirmælum konungs þar eð gömlu klausturkirkjurnar þóttu of dýrar í rekstri.⁹⁸ Um afdrif klausturhúsa á Helgafelli og í Þykkvabæ er lítið vitað en líkt og áður getur voru hús Viðeyjarklausturs rifin og veraldlegur embættisbústaður reistur í þeirra stað þeirra við siðaskiptin. Gera má ráð fyrir að það sama hafi verið gert á öðrum klausturstöðum í Skálholtsbiskupsdæmi.

En víkjum nú sögunni til klaustranna norður í Hólabiskupsdæmi þar sem Jón Arason biskup sat sem fastast og reyndi, þegar færi gafst, að endurvekja klausturhald í sumum af gömlu klaustrunum syðra.

Hólabiskup og klausturhald

Sem þekkt er neitaði Jón Arason að gefa sig á vald nýs siðar þegar lútersk kirkjuskipan var samþykkt syðra árið 1541. Störfuðu klaustrin innan umdæmis hans að því er virðist áfram um sinn — þó ekki alveg með óbreyttu sniði. Þetta voru Þingeyraklaustur, Munkaþverárklaustur, Reynistaðarklaustur og Möðruvallaklaustur. Skýringuna á því að klaustrin í Hólabiskupsdæmi störfuðu áfram eftir siðaskiptin í Skálholtsbiskupsdæmi virðist vera að finna í þeirri staðreynd að biskuparnir tveir, Gissur og Jón, gerðu með sér samkomulag um að láta hvor annan í friði á meðan þeir lifðu, enda náði nýja kirkjuskipanin ekki til Hólabiskupsdæmis.⁹⁹ Báðir stóðu þeir einnig við loford sín um að senda Kristjáni III Danakonungi laus verðmæti, gull og silfur, úr kirkjum og klaustrum

Háskóla Íslands, 1965, bls. 116.

⁹⁶ *DI 12*, bls. 682–684.

⁹⁷ Heimir Steinsson, *Saga munklífs að Skriðu í Fljótsdal*, bls. 117.

⁹⁸ *DI 13*, bls. 480–481. Var það gert á Reynistað 1570, í Þykkvabæjarklaustri 1590 og á Þingeyrum um 1610, sjá Steinunn Kristjánsdóttir, *Létin að klaustrunum*, bls. 100–101.

⁹⁹ Sjá til dæmis *DI 10*, bls. 643–644, 645.

umdæma sinna svo að hann gæti greitt niður stríðsskuldir sínar eftir greifastríðið (1534–1536) — stríðið sem háð var um innleiðingu mótmælendatúrar þar ytra. Var söfnunin nefnd landshjálpin.¹⁰⁰

Kristófer Hvítfelt hirðstjóri fékk strax árið 1541 það verkefni að safna verðmætunum syðra.¹⁰¹ Sendi Gissur Einarsson Jóni Arasyni tilkynningu þetta sama ár um flutning á kirkjulegum verðmætum, samtals 9 kg, til Danmerkur úr umdæmi sínu.¹⁰² Tilgangur bréfsins kann að hafa verið hvatning til handa Jóni biskupi um að gera slíkt hið sama, enda hafði því verið lofað á prestastefnu nyrðra hinn 15. júní 1541 að Hólabiskupsstóll myndi einnig styðja við landshjálpin.¹⁰³ Eins er til bréf dagsett 27. júní 1541 þar sem Jón staðfestir að hann muni standa við þetta samkomulag.¹⁰⁴ Það var svo nokkrum árum síðar, hinn 13. mars 1545, að Danakonungur, Kristján III, kvittaði fyrir móttöku á rúmum 6 kg silfurs sem biskup hafði sent honum úr kirkjum og klaustrum í Hólabiskupsdæmi.¹⁰⁵ Því miður er ekki vitað úr hvaða klaustrum gripirnir voru.

Athygli vekur að sama dag, 13. mars 1545, veitti konungur sr. Sveini Finnbogasyni umboð til að fara með eignir Þingeyraklausturs og áðurnefndum Pétri Einarssyni umboð til að fara með eignir Reynistaðarklausturs.¹⁰⁶ Af þessu mætti ráða að klausturhald hafi þar með verið aflagt í báðum þessum klaustrum. Svo var þó ekki, því að til er bréf, dagsett 10. febrúar 1550, þar sem ábóti Þingeyraklausturs, Helgi Höskuldsson, óskaði eftir því að vera leystur frá störfum sökum elli og krankleika. Þetta segist hann gera með samþykki konventubræðra sinna en Jón biskup hafði þá lofað honum að setja Björn son sinn í embættið í hans stað.¹⁰⁷ Varð biskupssonurinn síðasti ábóti Þingeyraklausturs og greinilegt er að þar voru enn munkar sem tóku þátt í embættisverkum þess eins og reglur gerðu ráð fyrir. Þá er allsendis óvíst hvort Pétur Einarsson hafi í raun og veru tekið við umsýslu eigna Reynistaðarklausturs árið 1545 eins og veitingabréfið bendir til. Klaustrið virðist alltént vera starfandi áfram, vegna þess að Sólveig Hrafnadóttir er titluð abbadís í kaupmálabréfi árið 1545¹⁰⁸ og í landamerkjabréfi árið 1547.¹⁰⁹

Hin klaustrin tvö fyrir norðan, Munkaþverárklaustur og Möðruvallaklaustur, voru augljóslega einnig rekin áfram í einhverri mynd þótt Kristján III Danakonungur yki tak sitt á þeim þegar leið á síðaskiptatímamann. Hann veitti til dæmis Ormi Sturlusyni umboð Munkaþverárklausturs 14. nóvember 1546 og var veitingin staðfest stuttu síðar.¹¹⁰ Tómas Eiríksson var þá enn ábóti þar og var það allt til ársins 1551. Sést það á því að hann kvittaði undir reikninga Grundarkirkju í janúar það ár sem ábóti.¹¹¹ Í mars 1551 kemur Tómas kemur fyrir í

¹⁰⁰ Vilborg Auður Ísleifsdóttir, *Byltingin að ofan*, bls. 201–203.

¹⁰¹ *DI 10*, bls. 605–607.

¹⁰² *DI 10*, bls. 644–645.

¹⁰³ *DI 10*, bls. 624–625.

¹⁰⁴ *DI 10*, bls. 621–622.

¹⁰⁵ *DI 11*, bls. 378–379.

¹⁰⁶ *DI 11*, bls. 377–378.

¹⁰⁷ *DI 11*, bls. 753–754; Vilborg Auður Ísleifsdóttir, *Byltingin að ofan*, bls. 92–93.

¹⁰⁸ *DI 11*, bls. 435.

¹⁰⁹ *DI 11*, bls. 545–546.

¹¹⁰ *DI 11*, bls. 505–506; *DI 12*, bls. 214–215.

¹¹¹ *DI 12*, bls. 195.

bréfi sem „bróðir“ og virðist hann þar með hafa misst fyrri stöðu sína.¹¹² Í júní 1551 sver síðan Tómas, ásamt fleiri Norðlendingum, konungi hollustueið þar sem fram kemur að þeir muni hlýða honum í einu og öllu.¹¹³ Ormur klausturhaldari úrskurðar sömuleiðis í ýmsum málum Munkaþverárklosturs árin 1551, 1552 og 1553 en það bendir til þess að hann hafi þá alfarið tekið við staðnum sem veraldlegur umboðsmaður hans.¹¹⁴

Undir ofanefndan eiddstaf frá árinu 1551 skrifaði einnig Björn Gíslason í Möðruvallaklaustri¹¹⁵, án þess þó að vera titlaður ábóti eða príor en Jón biskup hafði sett hann í embætti priors þar árið 1547. Björn var áður ráðsmaður við biskupsstólinn á Hólum.¹¹⁶ Björn kvittaði líka undir reikninga Grundarkirkju í janúar 1551, ásamt Tómasi ábóta í Munkaþverárklaustri, en Björn er þar titlaður umboðsmaður Möðruvallaklosturs — ekki príor — enda var hann þá orðinn prestur á Möðruvöllum. Björn fékk ennfremur leyfi til að giftast 15. júní 1553.¹¹⁷ Birni var síðan formlega veitt Möðruvallaklostursumboð af konungi árið 1554.¹¹⁸

Ástæður fyrir flutningi Jóns biskups á verðmætum úr kirkjum og klaustum nyrðra til Danmerkur árið 1545 reyndust ekki hafa verið þær að hann hefði tekið nýju kirkjuskipanina í sátt, öðru nær, því að Jón sá sér leik á borði þegar Gissur biskup lést árið 1548 og reyndi að taka yfir embætti biskups í Skálholti og endurreisa klaustrin í Skálholtsbiskupsdæmi. Með honum í liði voru synir hans, Björn og Ari, auk nokkurs hóps stuðningsfólks um land allt.¹¹⁹ Herferð sína hófu þeir feðgar haustið 1549 þegar Marteinn Einarsson, eftirmaður Gissurar á biskupsstóli í Skálholti, var á leið í sína fyrstu vísitasíuferð um Vestfirði. Sat þá Jón biskup og föruneysi hans fyrir honum og tóku til fanga. Svo er að skilja að Jón hafi reynt að setja son sinn Björn í embætti Skálholtsbiskups að kaþólskum sið og taka þannig biskupsstólinn þar yfir.¹²⁰ Björn var þá ábóti yfir Þingeyraklaustri en, líkt og áður var vikið að, átti Jón biskup ríkan þátt í þeim gjörningi að reyna að fá Sigvarð ábóta úr Þykkvabæjarklaustri vígðan sem eftirmann Gissurar biskups, en það gekk ekki eftir.¹²¹ Þessi fyrirhugaða vígsla Björns í embætti Skálholtsbiskups var augljóslega dæmd til að mistakast, þrátt fyrir að Jón biskup hafi reynt að fá stuðning páfa fyrir vegferð sinni.¹²²

Því fór samt fjarri að Jón gæfist upp þegar hér var komið sögu. Í upphafi árs 1550 fóru þeir feðgar til Viðeyjar og vígðu Alexíus, fyrrum ábóta Viðeyjarklosturs, aftur í embætti. Rétt er að minna á að Alexíus var einn þeirra sem samþykktu með undirritun sinni nýju kirkjuskipanina árið 1541.¹²³ Ári síðar

¹¹² *DI 12*, bls. 207.

¹¹³ *DI 12*, bls. 263–270.

¹¹⁴ *DI 12*, bls. 336, 344–345, 509.

¹¹⁵ Sjá *DI 12*, bls. 263.

¹¹⁶ Janus Jónsson, „Um klaustrin á Íslandi“, bls. 263–264.

¹¹⁷ *DI 12*, bls. 553, 560.

¹¹⁸ *DI 12*, bls. 681.

¹¹⁹ Helgi Þorláksson, „Frá kirkjuvaldi til ríkisvalds“, *Saga Íslands 6*, ritstj. Sigurður Línal, Reykjavík: Sögufélagið, 2003, bls. 77–85; Vilborg Auður Ísleifsdóttir, *Byltingin að ofan*, bls. 219–248.

¹²⁰ Vilborg Auður Ísleifsdóttir, *Byltingin að ofan*, bls. 243–260.

¹²¹ *DI 12*, bls. 120–122.

¹²² *DI 11*, bls. 695–698.

¹²³ *DI 10*, bls. 632–633.

hafði hann ennfremur skuldbundið sig formlega, ásamt 27 öðrum klerkum í Skálholtsbiskupsdæmi, til að fylgja henni í störfum sínum.¹²⁴ En Alexíus var augljóslega aldrei sáttur við þau umskipti sem orðið höfðu, ekki frekar en Jón biskup, þótt óljóst sé hversu mikinn þátt sá fyrrnefndi átti í því að endurvekja klausturhald þar í raun og veru. Frá Viðey fór Jón biskup með föruneysi sitt að Helgafelli og endurvígði Narfa Ívarsson ábóta yfir klaustrinu þar, sem varla var þó fugl né fiskur frekar en Viðeyjarklaustur. Narfi hafði verið ábóti yfir Helgafellsklaustri á undan Halldóri, frá 1512 til 1527.¹²⁵ Biskup hafði ekki erindi sem erfíði, enda hafði Marteinn, eftirmaður Gissurar á biskupsstóli í Skálholti, þá þegar mælt svo fyrir að allar gjörðir Jóns biskups hefðu ekkert gildi lengur.¹²⁶ Til að gera langa sögu stutta, var Jón Arason og synir hans tveir, líkt og alkunna er, hálshöggðir í Skálholti 7. nóvember 1550.¹²⁷ Endurreisn klausturhalds í landinu var þar með úr sögunni.

Klaustrin fyrir norðan virðast hafa verið endanlega tæmd af gripum árið 1551 og bendir það um leið til þess að klausturhald í þeim hafi alfarið verið hætt þá. Að minnsta kosti staðfesti Danakonungur hinn 17. október 1551 að hafa tekið við ýmsum gripum og silfri úr klaustrunum að Þingeyrum, Munkaþverá og Möðruvöllum en einnig frá biskupsstólnum sjálfum að Hólum. Talið er upp hvaða gripir voru sendir utan en ekki hvað var frá hverjum stað. Sjá má á upptalningunni að meðal gripa voru bæði lausafé og kirkjugripir, einkum þó úr góðmálmi.¹²⁸ Reynistaðarklaustur er ekki nefnt í þessari upptalningu en Finnur Jónsson biskup telur að Sólveig Hrafnadóttir abbadís muni hafa verið í klaustri sínu að minnsta kosti til ársins 1551. Að hans sögn voru þar ennfremur nokkrar nunnur árið 1562, er maður að nafni Gunnar var klausturhaldari þar í umboði konungs.¹²⁹ Sólveig, sem var systir Brands priors í Skriðuklaustri, lést árið 1563.¹³⁰ Jón Jónsson fékk heldur ekki Reynistaðarklaustursumboð fyrr en 1569.¹³¹ Vel má því vera að Sólveig hafi verið á Reynistað fram að andlátinu með nunnum sínum, enda þótt hún væri ekki lengur abbadís. Þær máttu það samkvæmt nýju kirkjuskipaninni. Dæmi er um slíkt í Danmörku en sum nunnuklaustrin þar urðu að lúterskum kvennasamfélögum eftir siðaskiptin undir stjórn veraldlegra leiðtoga. Talað hefur verið um „nýtt vín á gömlum belgjum“ í því sambandi.¹³² Það er þó öldungis óvíst að það hafi gerst hér en hafa ber í huga að Sólveig gekk í Reynistaðarklaustur árið 1493.¹³³ Hún var

¹²⁴ *DI 11*, bls. 135–137.

¹²⁵ Helgi Þorláksson, „Frá kirkjuvaldi til ríkisvalds“, bls. 80–81; Hermann Pálsson, *Helgafell: Saga höfuðbóls og klausturs*, bls. 99–105.

¹²⁶ Sjá *DI 11*, bls. 713–716.

¹²⁷ Helgi Þorláksson, „Frá kirkjuvaldi til ríkisvalds“, bls. 83–85; Vilborg Auður Ísleifsdóttir, *Byltingin að ofan*, bls. 256.

¹²⁸ *Kancelliets brevøger vedrørende Danmarks indre forhold 1551–1555*, Kaupmannahöfn: Kommission hos C.A. Reizel, 1885–1886, bls. 83–84.

¹²⁹ Finnur Jónsson, *Historia Ecclesiastica Islandiæ*, Kaupmannahöfn: Gerhardus Giese Salicath, 1772, bls. 112.

¹³⁰ Gottskálksannáll, *Islandske Annaler indtil 1578*, útg. Gustav Storm, Kristiania: Det norske historiske kildekriftfond, 1888, bls. 376.

¹³¹ *DI 15*, bls. 244.

¹³² Oliver Auge, „Monasteries and Collegiate Chapters“, bls. 177–184; Kaare Rübner Jørgensen, „New Wine in Old Bottles: Maribo Abbey after the Reformation“, *The Dissolution of Monasteries*, ritstj. Per Seesko, Louise Nyholm Kallestrup og Lars Bisgaard, Óðinsvæum: University Press of Southern Denmark, 2019, bls. 243–269.

¹³³ *DI 7*, bls. 163–164.

síðan vígð abbadís árið 1508.¹³⁴ Hún hafði samkvæmt þessum upplýsingum eytt nærri 60 árum ævi sinnar í Reynistaðarklaustri. Hennar biðu því varla margir kostir utan þess.

Árið 1551 átti enn eftir að ganga frá lausum endum í sambandi við klaustur-eignirnar. Samkvæmt erindisbréfi sem Kristján III Danakonungur ritaði 13. mars 1552 var Páll Hvítfelt hirðstjóri¹³⁵ beðinn um að skipa klausturhaldara yfir góssum hinna aflögðu klaustra á Íslandi.¹³⁶ Fyrri skipanir höfðu oft á tíðum verið óljósar. Tók Páll sjálfur árið 1553 við umboði Reynistaðarklausturs-eigna.¹³⁷ Konungsskipunin árið 1552 kom að öðru leyti ekki til framkvæmda til fulls fyrir en 1554 og skipti þá engu hvort klaustrin voru sunnan eða norðan heiða. Það var þetta ár sem konungur veitti Einari Árnasyni samtímis umboð Skriðuklausturs og Kirkjubæjarklausturs.¹³⁸ Ennfremur veitti hann Halldóri Skúlasyni umboð Þykkvabæjarklausturs og Daða Guðmundssyni Helgafells-umboð.¹³⁹ Fyrir norðan fékk Hákon Gíslason Þingeyraklaustursumboð, Grímur Þorleifsson Munkaþverárklaustursumboð og Björn Gíslason — líkt og fyrir getur — Möðruvallaklaustursumboð.¹⁴⁰ Veitingabréf konungs eru öll dagsett 12. mars 1554, nema fyrir Viðeyjarklaustur og Reynistaðarklaustur. Viðeyjarklaustur hafði, eins og áður sagði, alfarið verið undir konungi í kjölfar árársinnar sem á það var gerð árið 1539. Hákon Gíslason hafði þó greinilega tekið við Þingeyraumboði áður en veitingabréfið var gefið út árið 1554, af því að hann sinnti ýmsum embættisverkum árin 1552 og 1553.¹⁴¹ En með þessum síðustu embættisveitingunum konungs árið 1554 var aftur á móti bundinn endi á klausturhald í landinu, allt þar til klaustur voru stofnuð á ný hérlendis á tuttugustu öld.

Samantekt

Bæjarklaustur í Borgarfirði var stofnað fyrst allra klaustra á Íslandi og var því einnig lokað fyrst eftir aðeins tæplega tveggja áratuga rekstur. Þessi tilraun til klausturhalds hérlendis gekk að líkindum ekki sem skyldi vegna þess að pólitískan og hugmyndafræðilegan grundvöll skorti til þess þar eð klaustrinu var komið á fót einungis skömmu eftir að kristni var lögtekin í landinu. Með tilkomu fyrsta erkibiskupsstóls Norðurlandanna í Lundi 1104 styrktist staða klausturhalds til mikilla muna nyrst í álfunni og síðan enn frekar þegar erkibiskupsstóllinn í Niðarósi var settur á laggirnar árið 1153. Klausturhald var því í miklum blóma á Íslandi á tólftu öld en sjö klaustur voru þá stofnuð hérlendis samkvæmt þekktustu klausturreglum þessa tíma, þ.e. reglum Benedikts og Ágústínusar. Þetta voru Þingeyraklaustur, Munkaþverárklaustur, Hítardals-

¹³⁴ „Gottskálksannáll“, *Islandske Annaler indtil 1578*, bls. 373.

¹³⁵ Páll var hirðstjóri frá 1552–1554.

¹³⁶ *DI 12*, bls. 359–363. Skipunin um klaustrin er á bls. 363.

¹³⁷ *DI 12*, bls. 528.

¹³⁸ *DI 12*, bls. 682–684.

¹³⁹ *DI 12*, bls. 677–680, 682.

¹⁴⁰ *DI 12*, bls. 680–681.

¹⁴¹ *DI 12*, bls. 451–454, 499–501, 551–552.

klaustur, Þykkvabæjarklaustur, Flateyjarklaustur og Kirkjubæjarklaustur. Flateyjarklaustri var þó lokað 1172, næst á eftir Bæjarklaustri, er það var flutt til Helgafells 1184. Starfaði það áfram undir nýju heiti allt til siðaskipta (tafla 2, sjá einnig mynd 1).

	Klaustur	Stofn- ár	Eldsvøði eða fok	Svarti- dauði	Siðustu embættis- verk	Klaustur- haldari skipaður	Endanleg lokun
1	Bæjarklaustur	1030			1049		1049
2	Þingeyraklaustur	1133*	1157	1402/1493	1549	1545/1554	1551
3	Munkaþverárklaustur	1155	1429	1402	1551	1554	1551
4	Hítardalsklaustur	1166			u.þ.b. 1201		1201
5	Þykkvabæjarklaustur	1168		1403	1545/1548	1554	1545/1548
6	Flateyjarklaustur	1172			1184		1184
7	Helgafellsklaustur	1184		1403	1544	1541/1554	1544
8	Kirkjubæjarklaustur	1168		1402	1543	1554	1543
9	Keldnaklaustur	1193			1222		1222
10	Saurbæjarklaustur	1200			1224		1224
11	Viðeyjarklaustur	1225/6	1385	1403/1494	1539	1539/1542	1539
12	Reynistaðarklaustur	1295		1402	1547	1545/1553	1551/1563
13	Möðruvallaklaustur	1296	1316/1421		1551	1546/1553	1551
14	Skriðuklaustur	1493/4			1541	1552	1554

* Fyrsti ábóti þess tekur til starfa.

Tafla 2. Ýmis ártöl sem tengjast stofnun, rekstri og lokun íslensku miðaldaklaustranna.

Bakslag kom síðan í klausturhald þegar sló í brýnu milli veraldlegra og kirkjulegra yfirvalda um stjórnskipan landsins undir lok tólftu aldar. Deilt var um ýmis ákvæði kanóníks réttar og innleiðingu þeirra í landslög, eins og til dæmis ákvæði er vörðuðu forræði yfir kirkjueignum en einnig aðkomu veraldlegra leiðtoga að embættum kirkjunnar og embættisverkum.¹⁴² Stóðu deilurnar yfir með hléum nær alla þrettánda öldina. Hlutuðust höfðingjar til um val biskupa og sinntu kirkjulegum embættum, samhliða því að gegna störfum sem veraldlegir leiðtogar. Ný klaustur litu einnig dagsins ljós á höfðingjasetrum sunnlands og norðan, að Keldum á Rangárvöllum og í Saurbæ í Eyjafirði. Um leið tókst höfðingjum að taka yfir rekstur starfandi klaustra í landinu og var klausturhald vart svipur hjá sjón miðað við það sem var öldina á undan. Ekki lifðu heldur öll klaustrin af þessar deilur og var þremur lokað fyrir fullt og allt snemma á þrettánda öld. Það voru Keldnaklaustur, Saurbæjarklaustur og Hítardalsklaustur. Fimm klaustur heyrðu þar með sögunni til. Eftir að deilum kirkjulegra og veraldlegra leiðtoga lauk undir lok þrettánda aldar rétti klausturhald í landinu úr kútnum. Voru þrjú ný klaustur auk þess stofnuð eftir það. Það voru Reynistaðarklaustur, Möðruvallaklaustur og Skriðuklaustur. Fylgdu þau annaðhvort reglum Benedikts eða Ágústínusar en sem afsprengi rómversk-kaþólskrar kristni lutu klaustrin að öðru leyti regluverki Rómakirkju, rétt eins og allur almenningur sem hafði tileinkað sér hugmyndafræði hennar. Öll starfandi klaustur urðu á sinni tíð að umsvifamiklum miðstöðvum sem sinntu fátækum, öldruðum og sjúkum. Innan þeirra var stunduð klæða- og bókagerð og skólar reknir fyrir piltar og stúlkur.¹⁴³

¹⁴² Gunnar F. Guðmundsson, „Íslenskt samfélag og Rómakirkja“, bls. 18–24, 84–93; Magnús Stefánsson, „Um staði og staðamál“, bls. 139–166.

¹⁴³ Steinunn Kristjánsdóttir, *Leitin að klaustrunum*, bls. 482–484.

Klausturhald stóð höllum fæti í landinu á ný í kjölfar þess erkibiskupsstóllinn í Niðarósi var lagður niður árið 1537. Í framhaldinu var ný kirkjuskipan samþykkt í Skálholtsbiskupsdæmi árið 1541. Siðaskiptin náðu þó ekki til Hólabiskupsdæmis fyrr en áratug síðar en þar með brustu endanlega forsendur fyrir klausturhaldi í landinu. Var öllum klaustrum sem þá voru starfandi lokað í kjölfar þess. Mörg þeirra höfðu þá starfað í aldir, sum allt frá því snemma á tólftu öld. Mörkuðu siðaskiptin þannig endalok klausturhalds hérlendis, enda er klausturhald ekki þekkt innan lúterskrar kirkju. Tilraunir Jóns Arasonar biskups til að endurvekja klausturhald sunnanlands árin 1549 og 1550 voru því allt frá upphafi dæmdar til þess að mistakast þegar augljóst var að lúterskur siður yrði kaþólskum yfirsterkari og Jón varð að láta í minni pokann. Erkibiskup hafði þá þegar verið sviptur völdum sínum sem fjárhagslegur og pólitískur fulltrúi kirkjunnar hérlendis og rekstrarform kirkjulegra stofnana breyttist um leið. Ekki einu sinni páfi gat komið til hjálpar eins og Jón Arason biskup fékk að reyna. Stjórnskipan landsins hafði jafnframt færst frá því að vera guðleg í að vera jarðnesk, ríkisvald tók við af kirkjuvaldi. Klaustrin féllu þannig engan veginn að þessu breytta samfélagslega landslagi á Íslandi.

Lokaorð

Hér hefur verið rýnt í örlög íslensku miðaldaklaustranna. Gerð var tilraun til að tímasetja lokun hvers þeirra nákvæmlega og um leið reynt að greina ástæður þess hvers vegna þeim var lokað. Það þarf ekki að koma á óvart að lokun þeirra var ólík frá klaustri til klausturs, því að hvert þeirra á sér sína eigin sögu. Miklar breytingar urðu jafnframt á íslensku samfélagi frá því að fyrsta tilraunin til klausturhalds var gerð hérlendis árið 1030 þar til síðasta klaustrinu var lokað árið 1554. Eigi að síður má greina sameiginlegt heildarmunstur í vexti þeirra og viðgangi en klaustrin urðu að starfa samkvæmt regluverki Rómakirkju og fylgja eigin reglum í rekstri til að geta þrífist, enda er klausturhald öðru fremur rómversk-kaþólskur siður. Mestu skipti aðkoma erkibiskupa að kirkjulegri stjórn landsins en þá dafnaði klausturhald einna helst. Klausturhald eflidist því fyrst með fjölgun erkibiskupsstóla og biskupsstóla í nyrstu héruðum álfunnar á tólftu öld. Náðu klaustur af reglum Benedikts og Ágústínusar þá að vaxa og dafna hérlendis og segja má að klaustrahreyfingin hafi komið sér vel fyrir í landinu á þessum tíma. Eftir að erkibiskupar og biskupar gengu eftir því, undir lok tólftu aldar, að Íslendingar fylgdu kanónískum rétti, en ekki eingöngu landslögum, náðu veraldlegir leiðtogar að taka yfir helstu kirkjulegar stofnanir landsins: biskupsstólana og klaustrin. Deilunum lauk ekki fyrr en rúmlega öld síðar en meðan á þeim stóð var klausturhald í landinu vart svipur hjá sjón. Jafnskjótt og veraldlegir leiðtogar slepptu tökum á kirkjulegum stofnunum innanlands undir lok þrettánda aldar tók klausturhald í landinu að blómstra sem aldrei fyrr. Varði þetta blómaskeið klaustranna í meira en tvær aldir. Öllum starfandi klaustrum í landinu, alls níu, var síðan lokað fyrir fullt og allt eftir að erkibiskupsstóllinn í Niðarósi — ein helsta miðstöð Rómakirkju í Norður-Evrópu — var lagður af árið 1537 í kjölfar siðaskiptanna í danska konungs-

veldinu. Lútersk kirkjuskipan var tekin upp í stað þeirrar kaþólsku en klausturhald þekkist ekki innan hennar. Rekstrarlegur grundvöllur klaustra á Íslandi varð þar með að engu.